

Febrúar Pési

157.tbl. 13. Árgangur febrúar 2003
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094
E-mail hruni@mmedia.is

Ágætu lesendur!

Þá er það febrúar Pésinn, sem berst ykkur.
Í þessum Pésa er efnið af margvíslegum toga sem endranær,
og vonandi vekur efni hans skemmtilegar umræður í
samfélaginu eins og svo oft áður

Næsti Pési er væntanlegur 14 mars
og er skilafrestur á efni í hann til **11 mars**.
Ritstjóri

Frá sundlauginni á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga	18:00-22:00
Föstudaga	17:00-21:30
Laugard og sunnudaga	13:00-18:00

Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00

opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.

Hraðbankinn er alltaf opin.

Kæru sveitungar!

Sunnudaginn 2. mars n.k.,

(já, já, daginn eftir hjónaballið)

verður hin árlega bollusala kirkjukórsins.

Að þessu sinni mun ágóðinn renna í ferðasjóð,
því kórinn hyggur á söngferð til Ungverjalands með
haustinu. Með kærri kveðju og fyrirfram þakklæti
fyrir góðar móttökur, nú sem fyrr.

Bollunefnd kirkjukórsins.

Ljós!!Ljós!!Ljós!!

Er ekki rétt að ná sér í smá lit

fyrir hjónaballið???

Pantið tímanlega

Kristín Karólína 486-6665/692-6665.

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana

28.febr., **1.mars laugard**

14.mars, og 28.mars.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



Tapað—fundið

Nýlega fannst lyklakippa með tveimur lyklum.

Annar lykillinn er merktur Toyota
og er með fjarstýringu, hinn er húslykill
með bleiku gúmmí.

Upplýsingar á skrifstofu Hrunamannahrepps 486-6617

Orðsending til veiðimanna!!

Að gefnu tilefni viljum við landeigendur
Berghyls, Reykjadals, Þórarinsstaða, Reykjaflatar
og Lauga benda á að öll meðferð
skotvopna er stranglega bönnuð í landi
þessara jarða án leyfis landeigenda.

Landeigendur.

TIL SÖLU -- árs gamall klassískur gítar, flottur fyrir
byrjendur, poki fylgir!
Endilega fáíð upplýsingar hjá Auði Rafnsdóttur í síma
4381858 eða 6900525.
Verðhugmynd kr. 15.000

Athugið!!!!!!

Læknir frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási
verður til viðtals í Heimalandi kl 14:00
fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði í vetur.

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

ferðaáætlun

þriðjudaga - fimmtudaga - föstudaga
brottför frá VM kl 15:00

Frá: **VM-Flytjanda** flutningamiðstöðinni.
Klettagörðum 15, Reykjavík.

VINSAMLEGAST PANTIÐ DEGI ÁÐUR

Pálmar: 892-2370 Birgir Þór: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

Fundargerð upplestin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 16:55.

Árið 2003, 5. febrúar kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6.

Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Björn Kjartansson og Unnar Gíslason og sveitarstjóri Ágúst Kr. Björnsson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnanna hans vegna ársins 2003.**
- 2. Sala eigna – Jörðin Kluftir.**

Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnanna hans vegna ársins 2003.

Farið yfir fyrirbyggjandi frumvarp að fjárhagsáætlun ársins 2003. Á fundinum var lögð fram þriggja ára áætlun árunna 2004 – 2006. Frumvarp til fjárhagsáætlunar ársins 2003 og þriggja ára áætlun 2004-2006 samþykkt og vísað til seinni umræðu.

Sala eigna – Jörðin Kluftir.

Fyrir fundinum liggur kauptilboð í jörðina Kluftir frá Jóhönnu Róbertsdóttur og Jóhannesi Þorsteinssyni dags. 15. janúar 2003 að fjárhæð kr. 9.500.000.- Hreppsnefnd er sammála um að ganga að kauptilboðinu.

Árið 2003, 29. janúar kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Björn Kjartansson og Unnar Gíslason og sveitarstjóri Ágúst Kr. Björnsson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð.

Athugasemd var gerð varðandi boðaða dagskrá þar sem í dagskrárlið nr. 1 var saman fundargerð fræðslunefndar og íþróttá- og æskulýðsnefndar. Fundargerð íþróttá- og æskulýðsnefndar verði dagskrárliður nr. 2 í dagskrá.

Fundur Fræðslunefndar þann 20. janúar 2003.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

Fundur Íþróttá- og æskulýðsnefndar þann 8. janúar 2003.

Fundargerðin lögð fram. Varðandi dagskrárlið nr. 2 þá er bókun nefndarinnar vísað til fjárhagsáætlunar.

Fundur Landbúnaðarnefndar – haldinn 13. jan. sl.

Varðandi dagskrárlið 1 a,b,c og f, um fyrirkomulag útleigu fjallaskála, landvörslu og fl., Þá samþykkir hreppsnefnd tillögur landbúnaðarnefndar. Dagskrárliðum 1 d og e og 2 og 4 vísað til fjárhagsáætlunar. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

Fundur Ferðamálanefndar haldinn 21. jan. 2003.

Dagskrárlið nr. 1 í fundargerð ferðamálanefndar um tjaldsvæði vísað til fjárhagsáætlunar. Varðandi dagskrárlið nr. 2 í fundargerð ferðamálanefndar um Iðandi daga þá samþykktir hreppsnefnd tillögu ferðamálanefndar um skipan framkvæmdanefndar.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

8. fundur Veitustjórnar haldinn 6. janúar 2003.

Fundargerðin lögð fram.

Samþykkt um fráveitu í Hrunamannahreppi.

Fyrir fundi hreppsnefndar liggja drög að samþykkt um fráveitu Hrunamannahrepps dags. 27. jan. 2003. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða samþykkt um fráveitu Hrunamannahrepps.

Bréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 15. jan. vegna slökkviliðs og fl.

Bréfið lagt fram.

Verkfundur nr. 1 – Miðlungargeymir í Langholtsfjalli haldinn 16. jan. sl.

Fundargerð verkfundar lögð fram.

Verkfundur nr. 15 – leikskóli haldinn 16. jan. sl.

Fundargerð verkfundar lögð fram.

Samband ísl. sveitarfélaga og SASS – námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjórn er sammála um að hvetja aðalmenn sveitarstjórnar að sækja námskeiðið og einn varamann hvors lista.

Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnanna hans 2003 – kynning.

Sveitarstjóri lagði fram frumvarp að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnanna hans vegna 2003, ásamt ýtarlegri greinarger. Sveitarstjóri gerði grein fyrir þessum gögnum og hvað þar kemur fram.

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun verður á næsta fundi hreppsnefndar.

Bréf Byggðastofnunnar dags. 27. nóvember 2002 – Rafrænt samfélag.

Oddviti lýsti yfir áhuga að sveitarfélagið verði þátttakandi í að skoða verkefnið Rafrænt samfélag á vegum Byggðastofnunnar.

Fjallað hefur verið um málið á samstarfsvettvangi sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu og verður skoða hvort hagar sé að sveitarfélögin sækji um sameiginlega.

Bréf Íbúðalánasjóðs dags. 20. des. 2002 – Afgreiðsla viðbótarlánaheimilda.

Bréf Íbúðalánasjóðs lagt fram en þar kemur fram að Hrunamannahreppur hefur heimild til afgreiðslu viðbótarlánaheimilda.

Bréf Íbúðalánasjóðs dags. 5. desember 2002.

Bréfið lagt fram en þar kemur fram að Hrunamannahreppur hefur heimildir Íbúðalánasjóðs til lántöku á árinu 2003 og 2004.

Sorpstöð Suðurlands – 99. fundur stjórnar 18. des. 2002.

Fundargerðin lögð fram.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands – 49. fundur stjórnar 18. des. 2002.

Fundargerðin lögð fram.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands – 223. og 224. fundir stjórnar 13. des. 2002 og 10. jan. 2003.

Fundargjörðir lagðar fram.

Skólaskrifstofa Suðurlands – 61. fundur stjórnar haldinn 8. janúar 2003.

Fundargerðin lögð fram.

Fundargerð upplestin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundagerð samþykkt, fundi slitið kl. 16:55.

"Bófaleikur á Broadway"

Ágætu Hreppamenn. Eins og undanfarin ár ætlar nemendafélag Menntaskólans að Laugarvatni að setja upp sýningu í Félagsheimili Hrunamanna. Mikill metnaður og vinna hefur verið lögð í leikritið sem heitir "Bófaleikur á Broadway" og er eftir snillingin Woody Allen í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar. Sýningin verður haldin miðvikudaginn 12. mars næstkomandi kl. 20:30.

Meiri upplýsingar um sýninguna verða birtar þegar nær dregur.

Með von um að sjá sem flesta.

Jóhannes Helgason.

F.h. Nemendafélagsins Mímis
Svava Þorleifsdóttir, árshátíðarformaður

Fréttir frá knattspyrnudeild U.M.F.H

Stjórn sú er nú starfar fyrir knattspyrnudeild U.M.F.H var kosin 25. ágúst 2002, á fundi sem haldinn var til að endurvekja knattspyrnudeild U.M.F.H. Á þessum fundi var starf þjálfara og annarra sem komu að knattspyrnunni sumarið 2002 vegið og metið, og hugað að áframhaldandi starfi fyrir unga knattspyrnuíðkendur. Sigfús Heimisson kynnti þar einnig hvernig hann hefði getað hugsað sér vetrarstarfið. Stjórnin fór fram á að fá úthlutað tímum í íþróttahúsinu og hefur fótboltinn verið með æfingar eftir hádegi á þriðjudögum. Ástundun á æfingarnar hefur verið góð og um áramót voru yfir 50 skráðir þátttakendur. Heimir Gunnarson hefur séð um æfingar í vetur, og staðið sig hreint frábærlega.

Á aðalfundi knattspyrnudeildarinnar í janúar s.l. var auk venjulegra aðalfundastarfa rætt um sumarstarfið. Sigfús mun sjá um æfingar í sumar og hefur hann lýst áhuga sínum á því að halda áfram að þjálfa þá flokka sem hafa verið að æfa í vetur, þ.e.a.s. 3. 4. 5. og 6. flokk, (3. – 10. bekkur).

Knattspyrnudeildin stefnir því á öflugt sumarstarf. Áætlað er að hver flokkur komist á eitt mót. Þau mót sem möguleiki er að taka þátt í voru kynnt á aðalfundinum og var jafnframt rætt um að hafa mót á Flúðum fyrir 6. flokk, þar sem öðrum liðum væri boðið að taka þátt. Foreldrar lýstu yfir áhuga sínum og því verður unnið áfram að skipulagi. Þá var jafnframt ákveðið að kynna foreldrum það sem fram kom á fundinum og hefur nú verið sendur dreifimiði með helstu upplýsingum til þeirra er málið varðar.

Að lokum vill stjórnin þakka Heimi Gunnarssyni og Sigfúsi Heimissyni fyrir gott og óeigingjarnt starf, og vonar að það geti haldið áfram með jafn glæsilegum hætti og verið hefur.

f.h. stjórnar knattspyrnudeildar U.M.F.H

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mán. 20-21

Þri. 16-18

Mið. 16-18

Fim. 16-18

Sími 486-6708

Nýtt - Nýtt - Nýtt

Nýjar bækur á bókasafninu:

Seiður lands og sagna e. Gísla Sigurðsson

Grímsnes, búendur og saga

Fyrir sælkerana:

Nýjasta bók bera kokksins Jamie Oliver og

Nigellu Lawson sem bítur.

Fyrir sólarþurfi:

Bókin um Andalúsíu

Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Sóknirnar styrkja barnakór

Sóknarnefndir Hrepphóla og Hrunasóknar hafa í sameiningu ákveðið að styðja fjáröflun Skólakórs Flúðaskóla og láta þeim í té kr. 150.000- í ferðasjóð sinn. Starf barnakórsins hefur frá upphafi verið nátengt kirkjustarfinu og hefur kórinn reglulega komið fram og sungið í kirkjunum. Þetta er í senn uppörvandi fyrir kirkjustarfið og uppbyggilegt fyrir æskulýðinn og því vill forsvarsfólk kirkjustarfsins hér bregðast við með svo rausnarlegum hætti.

Helgihaldið framundan

Barnastarf

Nú tökum við aftur upp þráðinn í barnastarfinu, að þessu sinni ætlum við að halda áfram með stundirnar í Hrunakirkju. Það er draumur okkar að við tökum okkur saman um að taka góða törn í barnastarfinu fram að páskafríi með líflegu og fjölmennu starfi.

Kirkjuskólinn verður í Hruna á laugardögum kl. 11

Kyrrðarstundir

Næsta kyrrðarstund verður í Hrepphólakirkju þann
16. febrúar kl.20:30 og síðan
2. mars kl.20:30

Messur

Messað var í Hruna 9. feb.
Svo næst verður messað í

Hrepphólum 23. febrúar kl.11

Af óviðráðanlegum orsökum fellur niður sá taktur sem reynt hefur verið að halda að messa annan hvern sunnudag svo messurnar í mars verða tvo síðustu sunnudagana í þeim mánuði., nánar auglýst síðar.


Fermingarstarf

Fermingarfræðslan gengur með eðlilegum hætti, fermingardagar hafa verið ákveðnir:
17. apríl í Hrepphólum, 27. apríl í Hruna og loks 8. júní Hvítasunnudag í Hruna.

Læt þessu lokið að sinni,
Megi blessun Guðs vaka yfir byggð og búum



Frá Námskeiðanefnd kvenfélagsins.



Fyrirhuguð eru tvö námskeið ef næg þáttaka fæst. Það fyrra um miðjan mars og það seinna stuttu síðar.

Fyrra námskeiðið verður í **þæfingu**. Um er að ræða þriggja kvölda námskeið kl. 20 – 23 í hvert sinn. Kennend verða undirstöðuatriði í þæfingu, þæfðar verða prufur og myndir.

Síðara námskeiðið verður í **útsaum**. Um er að ræða þriggja kvölda námskeið kl. 20 – 23 í hvert sinn. Kennend verða ýmis útsaumsspor (frjáls útsaumur) og saumaðar verða litlar prufur.

Kennari á námskeiðunum er Steinunn Tómasdóttir hannyrðakennari í Flúðaskóla. Hún hefur, auk náms við KHÍ, sótt námskeið í tóvinnu í Þingborg, starfað í Þingborgarhópnum og selt þar vörur sínar. Einnig stundaði hún nám í Skals Håndarbejdsskole í Danmörku í 1 ár, með aðaláherslu á útsaum og vefnað, auk fjölda annara námskeiða.

Sýnishorn af verkum Steinunar kennara á námskeiðunum, verða til sýnis hjá Önnu í Bjarkarhlíð laugardaginn 15 febrúar frá kl 15-17. Upplagt að skoða og spyrja.... Og skrá sig. Námskeiðin eru öllum opin, konum sem körlum en kvenfélagskonur hafa forgang.

Upplýsingar eru hjá Önnu í Bjarkarhlíð í síma: 486-6615
Ingibjörgu í Smárahlíð, síma: 486-6464
Dóru Mjöll á Laugarlandi, síma: 486-6622

Árshátíðarnefnd Smára.

Arnarfell

Vegna mikilla fyrirspurna, ætlum við að fara í, eina 8 daga hestaferð inn í Arnarfell.

Inn Gnúpverjafrétt og fram Hrunamannafrétt.

Lagt í'ann 27. júlí frá Fossnesi.

Upplýsingar í síma 486-6079

Hjalti og Sigrún Fossnesi.

Frá Versl Grund Flúðum.

Opnunartími er sem hér segir:

Mánud-fimmtud.	KL:	8:30-19:00
Föstudaga	“	8:30-20:00
Laugardaga	“	10:00-20:00
Sunnudaga	“	11:00-17:00

Hestamenn hestamenn!

Föstudaginn 7.mars eigum við von á doktor Sigríði Björnsdóttur frá Úthlíð til okkar og ætlar hún að halda fyrirlestur um spatt og aðra hrossasjúkdóma og svara fyrirspurnum um ýmislegt varðandi hesta og hestasjúkdóma. Fyrirlesturinn verður haldinn í Iðufelli 7.mars kl 21:00 og er þetta sameiginlegt verkefni hestamannafélaganna Smára Loga og Trausta. Með von um góða mætingu.

Fræðslunefnd Smára.

Sumarvinna óskast

Ég er á 14.ári og vantar vinnu í sumar.
Nánari upplýsingar gefnar í síma 486-6520
Arnar Kári Guðjónsson
Vesturbrún 23
Flúðum

Konudagurinn

Karlmenn athugið!!

Nuddstofan hjá Elsu er með frábær konudagstilboð.

Upplýsingar í síma 690-6024

P.S.Tilboðið gildir til 23 febr n.k..

Else Nielsen nuddfræðingur.

Hátíðarkvöldvaka Hestamannafélagsins Smára

verður haldin í Hestakránni föstudagskvöldið 21. febrúar.

Fjölbreytt dagskrá, góður matur og lifandi tónlist. Allir

hjartanlega velkomnir. Nánar auglýst síðar.

Kæru félagskonur

Nú er rétt ár síðan við héldum uppá 60 ára afmæli félagsins á eftirminnilegan hátt. Komið er að Skemmtifundinum, hann verður haldinn 19.febrúar í Félagsheimilinu og húsið opnar kl 20:00. Boðið verður uppá rjómalagaða sveppasúpu m/heimabökuðu brauði. Léttvinsbarinn verður á sínum stað.

Eins og ykkur er eflaust flestum kunnugt þá er Björk Jakobsdóttir að sýna einleikinn Sellófan, en hún er höfundur verksins og leikari þess. Hún mun koma til okkar á Skemmtifundinn og sýna okkur valda kafla úr leikritinu og endar svo á því að ræða við okkur um viðhorf kvenna til nútímans.

Á fundinn kemur líka Berglind frá tískuversluninni Zik Zak og verður hún með sýnishorn af hjónaballsdressunum.

Aðgangseyrir er kr. 1.000.- og eru **allar konur velkomnar.**

Vinsamlegast pantið hjá undirrituðum í síðasta lagi 17.febrúar.

Með von um að við getum átt ánægjulega kvöldstund saman.

Með félagskveðju

Ragnhildur s: 486-6685

Jóna Soffía s: 486-6789

Valdís s: 486-6717

Íris s: 486-8787

María s: 486-6520

Frá oddvita.

Miklar framkvæmdir og undirbúningur framkvæmda þessa árs hafa einkennt fyrstu 8 mánuði þessa kjörtímabils. Stærstu verkefni eru auk þeirra sem nú þegar eru í gangi þ.e. leikskólinn og vatnstankur í Langholtsfjalli vatnsveita að og frá miðlunartanknum til fjölda notenda og þá verður farið í endurnýjun lagna og uppbyggingu gatna í hverfinu á gamla Flúðatúninu þ.e. ofan og við sundlaugina. Síðast talda framkvæmdin er enn á hönnunarsligi. Nánar verður fjallað um þessi verkefni þegar sveitarstjórn hefur samþykkt fjárhagsáætlun 2003 en hún er nú til umfjöllunar í sveitarstjórn. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í þessa fyrstu fjárhagsáætlun kjörtímabilsins og greinargerð sem fylgir og unnin er af Ágústi Kr. sveitarstjóra er tímamótaplagg sem gerir okkur kjörnum fulltrúum mun léttara fyrir að fá heildaryfirsýn og styrkja þar með grundvöll ákvarðanna okkar.

Önnur atriði sem hafa tekið mikinn tíma á fyrstu mánuðum kjörtímabilsins eru m.a. að koma öllum ráðningar- og leigusamningum á skriflegt form og skilgreina ýmiss verkefni betur t.a.m. innheimtuferli reikninga. Flest þessara verkefna eru að komast á lokastig.

Stór verkefni framundan eru nokkur og nefni ég hér að ljúka aðalskipulags vinnu í sveitarfélaginu öllu en vinna við aðalskipulag hófst 2000-2001 en hefur legið niðri um tíma. Skipulag Ríkisins kemur að þessari vinnu með fjárframlagi og höfum við heimild frá Skipulaginu að fara í þessa vinnu. Sveitarstjórn væntir góðs samkomulags við íbúana við þessa aðalskipulagsvinnu en m.a. hafa komið upp hugmyndir um svokölluð íbúaðing þar sem sjónarmið sem flestra íbúa kæmu fram.

Sigurður Ingi Jóhannsson

ÍPRÓTTAHÚSIÐ Á FLÚÐUM 10 ÁRA.

Á laugardaginn síðasta var haldið upp á að 10 ár eru liðin síðan ípróttahúsið okkar var tekið í notkun. Má örugglega fullyrða að fá hús í hreppnum hafa verið notuð jafn rækilega, og í rauninni er það löngu sprungið utan af starfseminni sem fer vaxandi með hverju ári. Fyrir þá sem gaman hafa af ípróttum er það virkilega gaman að fylgjast með þessum mikla áhuga.

Æskulýðs og ípróttanefnd stóð fyrir afmælishaldi og fékk til liðs við sig þær deildir Ungmennafélagsins sem starfa eða hafa starfað í ípróttahúsinu.

Dagskráin frá 14:00 - 17:30 bauð upp á að allir gátu komið og tekið þátt í þeim ípróttum sem stundaðar eru innan húss. Var þátttakan mjög góð og voru sumir allan tímann og prófuðu allt sem boðið var upp á.

Sundlaug og tækjasalur stóðu öllum opin að kostnaðarlausu.

Um kvöldið var svo aðal hátíðin með ræðum, blómum og ýmiskonar sprelli sem stórir og smáir tóku þátt í. Það er ekki víst að sumir kaupi sér kókosbollu í bráð!!!

Við viljum þakka öllum sem hjálpuðu okkur að halda þetta afmæli með litlum tilkostnaði, einnig hlökkum við til að fá nýtt hljóðkerfi í húsið, en sveitarstjórn lofaði því í tilefni afmælisins.

Æskulýðs og ípróttanefnd Hrunamannahrepps (Hrund, Halldóra og Magga.)

Atvinna Atvinna Atvinna

Vantar vinnu strax

Margt kemur til greina

Upplýsingar í síma 486-6510

BÓN--ÞRIF

Tek að mér bón, þvott eða alþrif á bílnum þínum.

Nota einungis hágæða bílabón og hreinsivörur.

Vönduð vinna og góð þjónusta.

Fólksbíll: bón = 2500,- alþrif = 3500.-

Jeppi: “ “ 3000,- “ “ 4000.-

(verðsamkomulag á teflonbóni)

Get sótt bílinn ef þörf krefur.

Upplýsingar og pantanir í síma **866-9633**

BÓN--ÞRIF

Flúðum